



15. AÐALFUNDUR SORPURÐUNAR VESTURLANDS HF. Borgarnesi, 9. mars 2012 kl. 13:30.

Kristinn Jónasson, formaður stjórnar, setti fundinn og bauð fundarmenn velkomna. Hann gerði tillögu um Jón Pálma Pálsson sem fundarstjóra, og Hrefnu B. Jónsdóttir fundarritara.

Dagskrá fundarins eru hefðbundin aðalfundarstörf.

Í upphafi kannaði fundarstjóri lögmæti fundarins og var hann lögmætur.

Fundarstjóri bar upp tillögu frá stjórn um uppstillingarnefnd. Tilnefndir voru: Þorvaldur Vestmann, Davíð Pétursson og Pál Brynjarsson.

1. Skýrsla stjórnar.

Formaður flutti skýrslu stjórnar. Hann sagði að 6 stjórnarfundir hefðu verið haldnir á árinu. Hann fór m.a. yfir þá endurnýjun sem varð í stjórn fyrir ári síðan en þá komu inn fimm nýir fulltrúar. Reksturinn gekk vel og verður gerð tillaga til fundarins að greiddur verði út 15% arður. Kristinn fór yfir það magn sem urðað var á árinu 2011 en 9699 tonn komu til urðunar, þ.a. komu 1750 frá Vestfjörðum.

Frá opnun hefur verið tekið við 116.752 tonnum.

Starfsleyfi urðunarstaðarins rennur út á árinu en unnið er að endurnýjun þess.

Framkvæmdir við urðunarrein nr. 4 héldu áfram á árinu 2011 en reinin er 50 metra breið og 580 metra löng og er sú stærsta sem tekin hefur verið til þessa.

Hvað endurnýjun starfsleyfis varðar eru þrjú verkefni sem standa eftir og eru í ákveðnu verkferli. Það eru rannsóknir vegna botnþéttingar og metangassöfnunar. Hér er um að ræða kostnaðarsama vinnu og hefur stjórn Sorpurðunar furðað sig á því að ekki eru teknar gildar botnþéttirannsóknir sem gerðar voru árið 1998.

Fjöldmörg erindi hafa farið á milli Sorpurðunar og Umhverfisráðuneytis/Umhverfisstofnunar vegna hauggasrannsókna. Mannvit, verkfræðistofa, hefur lagt kostnaðarmat á hugsanlega útfærslu á gassöfnun í urðunarrein nr. 3. Sett var upp aðgerðarplan sem gekk út á að leggja gassöfnunarkerfi í yngstu reinina þar sem þess var hreinlega krafist af eftirlitsaðilum.

Í lok ársins 2011 komu til Íslands sérfræðingar frá Evrópusambandinu.

Um er að ræða sérfræðinga í hauggasmálum sem hafa yfirburðapekkingu á málefnum urðunarstaða m.t.t. metangassöfnunar og úrvinnslu þess. Þeir heimsóttu Fíflholt 29. nóvember. Þann 1. des. stóð Samband Íslenskra sveitarfélaga fyrir lítillri ráðstefnu þar sem gestirnir héldu erindi. Helstu niðurstöður þeirra eru þær að hauggassöfnun á urðunarstöðum sem taka á móti minna en 5000 tonnum af úrgangi á ári er tæknilega nær útilokuð og skilar engum umhverfislegum ávinningi.

Á stærri urðunarstöðum þarf að meta aðstæður hvort söfnun hauggass geti verið kostur. Í öllu falli eru lagalegar kröfur um hauggassöfnun í tilskipun ESB um urðun úrgangs þannig að leiðbeiningar af hálfu yfirvalda er þörf til að rekstraraðilar urðunarstaða geti tekið ákvörðun um meðhöndlun hauggass. Þeir reikna ekki með að lagaumhverfið hér á landi breytist en eiga von á því að leiðbeiningar um viðeigandi meðhöndlun hauggass verði gefnar út og sátt náist um meðhöndlun þess. Leiðbeiningar ríkisins gætu tekið mið af leiðbeiningum sem unnið er að á vegum tækninefndar (TAC) ESB um meðhöndlun metans. Þessar leiðbeiningar eiga að líta dagsins ljós fyrri part ársins 2012. Sérfræðingarnir mæla með rannsóknarverkefnum til að kanna nánar möguleika á oxun metans í yfirborðslagi urðunarstaða sem besta lausn fyrir litla urðunarstaði. Einnig ætti að kanna möguleika á því að lofta urðunarstaði og koma þannig í veg fyrir myndun metans. Urðunarreinar í Fíflholtum eru mjög lágar og tæknilega erfitt að safna gasi í svo lágum reinum, samkvæmt þeirra upplýsingum en um er að ræða aðila sem hafa yfirburða þekkingu á þessu sviði.

Sorpurðun bíður svara ráðuneytis við erindum sem send hafa verið.

Formaður fór yfir störf samstarfsnefndar sorpsamlaganna á SV- horni landsins en helstu verkefni ársins 2011 hafa verið sláturúrgangsmál, moltugerðarmál og unnin var statistic yfir magni úrgangs sem til féll á árinu 2010.

Að lokum fór hann yfir verðmæti fyrirtækisins. Það að eiga Fíflholt sem urðunarstað þó við starfsemi þasi stór verkefni. Að lokum þakkaði Kristinn starfsmönnum og stjórn gott og ánægjulegt samstarf.

Vísað til fundargerða verkefnisstjórnar um meðhöndlun úrgangs.

<http://www.samband.is/verkefnin/umhverfis-og-taeknimal/urgangsmal/verkefnisstjorn-a-svidi-urgangsmala/fundargerdir-verkefnisstjornar/>

2. Ársreikningar félagsins og grænt bókhald.

Hrefna B Jónsdóttir framkvæmdastjóri skýrði ársreikninga félagsins.

Tekjur ársins kr.60.604.565. Rekstrargjöld 42.841.305 kr. Rekstrarhagnaður fyrir fjármagnsliði 17.763.260 kr. Fjármunagjöld 470.026 kr. Hagnaður ársins eftir tekjuskatt kr. 13.831.007. Eigið fé og skuldir samtals kr. 101.769.308.

Framkvæmdastjóri fór gerði grein fyrir skýrslu um grænt bókhald fyrirtækisins vegna ársins 2011 sem er aðgengileg á heimasíðu SSV/Sorpurðunar og Umhverfisstofnunar.

http://ssv.is/Files/Skra_0054148.pdf

Fundarstjóri bar upp reikningana og skýrslu um grænt bókhald fyrirtækisins og var hvort tveggja samþykkt samhljóða.

3. Ákvörðun um þóknun til stjórnarmanna.

Gerð er tillaga um að laun stjórnarmanna í Sorpurðun Vesturlands hf. taki mið af launum stjórnar Samtaka sveitarfélaga á Vesturlandi. Greiðslur fyrir fund miðast við þingfararkaup. Formaður 6% kr. 36.612 aðrir 3% kr. 18.306. Greiðslur fyrir ferðakostnað samkvæmt reglum RSK. Tillagan samþykkt samhljóða.

4. Ákvörðun um hvernig fara á með hagnað eða tap félagsins á reikningsárinu.

Fundarstjóri bar upp tillögu um 15% arðgreiðslu. Samþykkt samhljóða. Fundarstjóri bar upp tillögu þess efnis að hagnaður ársins 2011 verði færður til hækkunar eigin fjár. Tillagan var samþykkt samhljóða.

5. Kosning stjórnar

Páll Brynjarsson flutti tillögu uppstillingarnefndar:

Auður Ingólfssdóttir Gyða Steinsdóttir

Friðrik Aspelund Kristinn Jónasson

Halla Steinólfssdóttir Þröstur Ólafsson

Magnús Freyr Ólafsson

Tillaga uppstillingarnefndar var samþykkt samhljóða.

6. Kosning löggilts endurskoðanda og skoðunarmanns.

Lögð var fram tillaga um að KPMG endurskoðun sjái áfram um endurskoðun félagsins. Skoðunarmaður félagsins Davíð Pétursson.

Samþykkt samhljóða.

7. Lagabreytingar.

Engar.

8. Önnur mál sem hafa verið löglega fram borin eða fundurinn samþykkir að taka til meðferðar.

Hrefna þakkaði fráfarandi stjórnarmönnum fyrir gott og ánægjulegt samstarf og færði þeim Bergi Þorgeirssyni og Sveini Pálssyni blómvönd í lok fundar. Bergur lætur af störfum eftir níu ára stjórnarsetu en Sveinn hefur starfað í eitt ár.

Fundarstjóri sleit fundi.

Fundarritari: HBJ